



Álútflutningur heldur uppi vöruskiptaafgangi

Hærra álverð og sterkari dollar vega upp minni framleiðslu

Afgangur af vöruskiptum við útlönd í janúar 2015 var 7,2 ma.kr. Heildarútflutningur í mánuðinum nam 50,6 ma.kr. og vöruinnflutningur 43,4 ma.kr. í samanburði við 48,0 ma.kr. útflutning og 40,8 ma.kr. innflutning í janúar 2014. Aukning innflutnings og útflutnings milli ára var því næstum sú sama í krónum talið, og því var afgangurinn sá sami.

Álútflutningur jókst um 5,4 ma.kr.


Aukning útflutnings var borinn uppi af auknu útflutningsverðmæti áls. Það jókst um 5,4 ma.kr. milli ára eða 29% þrátt fyrir að útflutt magn hafi dregist saman um 8,6% en útflutt magn nam 75 þúsund tonnum. Ástæðan fyrir hærra verðmæti er bæði hærra álverð sem reyndist 2,9% hærra en í fyrra en meiru skiptir þó styrking dollarans gagnvart krónunni sem var 13,6% milli ára.

Útflutningur sjávarafurða dróst saman

Annar vöruútflutningur dróst saman frá því í fyrra. Útflutningsverðmæti sjávarafurða dróst saman um 850 m.kr. þrátt fyrir 900 m.kr. meiri útflutning á þorski. Útflutningur á síld, loðnu, makríl, ýsu, ufsa og grálúðu dróst saman um 1,6 ma.kr.

Meiri innflutningur á neysluvörum

Innflutningur jókst um 2,5 ma.kr. milli ára. Það má helst rekja til aukins innflutnings á mat- og drykkjarvörum sem jókst um 1,6 ma.kr. en einnig jókst innflutningur á varanlegum neysluvörum (t.d. heimilistæki) og hálfvaranlegum neysluvörum (t.d. fatnaður) um samtals 900 m.kr. Lækkun vörugjalda um áramót gæti að einhverju leyti skýrt þessa hækkun.





Minni gjaldeyrir í olúinnflutning


Innflutningur á olíu jókst í tonnum talið um 13,7 þúsund tonn eða um 23%.

Þá aukningu má helst skýra með auknum innflutningi á brennsluolíu en magnið þar jókst um 10,4 þúsund tonn eða 120%. Ýmsar loðnubræðslur höfðu gefið það út að vegna lækkunar olíuverðs að undanförun myndu þær frekar notast við olíu en rafmagn við starfsemi sína. Áhrifa þess má að einhverjum hluta sjá í meiri innflutningi á brennsluolíu.

Einnig var 3,3 þúsund tonna aukning í þotuelsneyti en það má rekja að einhverju leyti til töluverðrar aukningar í komum erlendra ferðamanna en í janúar komu 35% fleiri ferðamenn en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir nærri fjórðungs aukningu á innfluttu magni af olíu reyndist innflutningurinn í krónum talið 11% minni en á sama tíma í fyrra. Það má rekja til lækkunar á heimsmarkaðsverði olíu en fatið á Brent-Norðursjávarolíu kostaði 47,5 dollara í janúar borið saman við 109,5 dollara í sama mánuði fyrir ári síðan. Lækkunin nemur 57%. Þarna á móti vegur þó styrking dollarans

Búumst við að vöruskiptajöfnuður verði hagstæður á næstu mánuðum

Gera má ráð fyrir að utanríkisviðskiptin verði sérlega hagstæð á næstu mánuðum a.m.k. samanborið við fyrra ár og má rekja það fyrst og fremst til mikils vaxtar í útflutningi loðnu en eins má gera ráð fyrir að lækkun olíuverðs muni einnig skila sér í auknum afgangi af vöruskiptum. Þannig má gera ráð fyrir að á föstu verði og gengi muni yfirstandandi loðnuvertíð skila 21 ma.kr. meiri útflutningstekjum en sú síðasta.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.